

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Fasteignamats ríkisins. Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Sambandi íslenskra tryggingafélaga og einn án tilnefningar. Skal stjórnin skipuð til fjögurra ára.

Stjórn Fasteignamats ríkisins mótar starf og innra skipulag stofnunarinnar og hefur eftirlit með rekstri hennar. Stjórnin gerir tillögur að gjaldskrá stofnunarinnar sem síðan skal staðfest af ráðherra.

4. gr.

Við 9. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Fasteignamat ríkisins skal hafa eftirlit með því að sveitarfélög sinni upplýsingaskyldu sinni. Í því skyni skal stofnunin halda skrár er sýni hve margar fasteiginir eru metnar í einstökum sveitarfélögum á ári hverju.

Fasteignamat ríkisins skal árlega senda skýrslu um matsstörf í einstökum sveitarfélögum til fjármálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breyting á tollalögum nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987,
um vörugjald, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breytingar á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

22. Að endurgreiða eða fella niður toll af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa töluliðar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

Breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Fjármálaráðherra er enn fremur heimilt að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða. Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessarar málsgreinar í reglugerð.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó er heimilt að láta ákvæði 1. gr. taka til innfluttra vara sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. janúar 1994 og ákvæði 2. gr. taka til innlendra vara sem seldar hafa verið frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.***LÖG****um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja
Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Seltjarnarneskaupstað eign ríkisins í Gróttu, þar með talin hvers kyns mannvirki í eigu ríkisins önnur en Gróttuvitann.

2. gr.

Vita- og hafnamálastofnun á vitann í Gróttu og skal hafa aðgang að honum og eygni og er heimilt að gera allar þær framkvæmdir sem nauðsynlegar teljast vegna reksturs vitans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.